

Mánudaginn 17. mars 1924.

Nr. 62/1923.

Gísli J. Johnsen

(Jón Ásbjörnsson).

gegn

**skiftaráðandanum í Vestmanna-
eyjum f. h. dánarbús Jóhanns Lár-
usar Stefánssonar Austmanns og
Sigurði Ólafssyni, Rósu Hjartar-
dóttur og Sigfúsi Árnasyni vegna
hans sjálfs og sem umráðamanni
fjarverandi erfingja, svo og Jóni
Árnasyni. (Enginn).**

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið flutt skriflega samkvæmt
1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna.

Auk þess sem hæstarjettarstefnan hefir ekki verið
birt öllum þeim, sem stefnt var, er birtingarvottorð-
ið úr Vestmannaeyjum að eins undirritað af öðrum
stefnuvottinum og brestur þannig sönnun fyrir því
að stefnan hafi verið löglega birt fyrir hinum stefndu
þar, sem eigi hafa mætt eða látið mæta fyrir hæsta-
rjetti. Það verður því að visa málinu ex officio frá
rjettinum.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti á að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Máls-
kostnaður fellur niður.
